



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 133/1411

komudagur 5.3.2007

**Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík 2. mars. 2007

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FFSÍ telur þessar breytingar til bóta sé horft til þess meingallaða lagaumhverfis sem greinin býr við. Hinsvegar má í raun líkja þessum gjörningi við að settur sé plástur á sár sem löngu er farið að grafa í. Það er fáheyrt óréttlæti innbyggt í þetta fyrirkomulag og það breytist ekki við þessa lagabreytingu.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason



Félags skipstjórnarmanna

Alþingi
Erindi nr. P 133/1437
komudagur 5.3.2007

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 5.mars 2007.


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Félag skipstjórnarmanna telur frumvarpið ekki til skaða, en heldur ekki til bóta. Sá vandi sem hér er gerð tilraun til að lagfæra, mun ekki lagast fyrr en leiguframsal innan ársins verður afnumið.

Það er löngu tímabært að þeir sem um málið fjalla, geri sér grein fyrir því að fiskverð ákvarðað af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna er ekkert annað en meðaltalsverð af fiskmörkuðum að frádregnu leiguverði kvóta.

Það hefur hins vegar fram til þessa reynst illskásta aðferðarfræðin fyrir sjómenn í þeirri varnarbaráttu sem þeir hafa þurft að há, búandi við ótrúlega andstætt kerfi.

Virðingarfyllt
F.h.Félags skipstjórnarmanna


Guðjón Ármann Einarsson

Alþingi
Erindi nr. P 133/1410
komudagur 5.3.2007



F I S K I S T O F A

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 05.03.2007
Tilv. 0116/2005 - 60.12

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs o.fl.,
644. mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar, dags. 27. febrúar 2007, þar sem Fiskistofu er gefinn
kostur á að gefa umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við
frumvarpið.

F. h. Fiskistofu

Hrefna Gísladóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1412
komudagur 5.3.2007



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, mál 644.

Visað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum um stjórn fiskveiða.

Það frumvarp sem hér um ræðir er lagt fram í framhaldi af vinnu starfshóps sem sjávarútvegsráðherra skipaði til að leita leiða til að koma í veg fyrir að kaup útgerða á aflamarki hafi áhrif á rétt uppgjör aflahlutar til sjómanna. Starfshópin skipuðu fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátæigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og VM félagi vélstjóra og málmæknimanna og lögfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.

Ágreiningslaust var í starfshópnum að ákvæði 2. ml. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins þar sem segir: "Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum" gildi um öll fiskiskip. Hinsvegar brá svo undarlega við að fulltrúi Landssambands smábátæigenda taldi að þau ákvæði í lögum nr. 13/1998 og lögum nr. 116/2006, sem ætlað er að stuðla að því að framangreint ákvæði laga nr. 24/1986 sé virt, gildi ekki um svokallaða smábáta. Vegna þessa er óhjákvæmilegt gera því máli nokkur skil.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna segir "Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjóri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjóri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum." Þar er engin sjómaður undanskilinn og þó starf Verðlagsstofu skiptaverðs hafi hingað til ekki lotið að því að gæta réttar þeirra sjómanna sem starfa á svokölluðum smábátum hlýtur það frekar að kalla á að gert verði sérstakt átak í þeim efnum heldur en að hundsa þá áfram. Þó Landssamband smábátæigenda eða önnur félög útgerða smábáta hafi ekki gert kjarasamninga við stéttarfélög sjómanna á það fráleitt að leiða til þess að sjómenn

á þessum skipum séu einnig að þessu leyti verr settir en aðrir sjómenn. Í gildi eru kjarasamningar milli LIÚ og stéttarféлага sjómanna og að sjálfsögðu gilda þeir sem lágmarkskjör á þeim skipum sem ekki eru aðilar að LIÚ og ekki hafa verið gerðir aðrir kjarasamningar fyrir, hvort sem um stór eða smá skip er að ræða.

Í 5. mgr. 8. greinar laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða segir: “Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.” Í 15. grein laganna er að sjálfsögðu ekki kveðið á um að ákvæði greinarinnar gildi ekki um krókaaflamark, hvað þá að þau gildi ekki um aflamark allra skipa, stórra og smárra.

Í ljósi framangreinds er þess óskað að nefndin taki þetta mál til sérstakrar umfjöllunar og að í nefndaráliti komi skýrt fram að lög nr. 13/1998 og 15. gr. laga nr. 116/2006 gildi um öll fiskiskip, hvort sem þau eru stór eða smá, hvort sem þau stunda veiðar á grundvelli veiðileyfis með aflamarki eða krókaaflamarki og hvort sem afli er afhentur eða seldur til skylds aðila, seldur til óskylds aðila eða seldur á fiskmörkuðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson



Sjávarútvegsnefnd Alþingis

5. mars 2007

Efni: Umsögn frumvarp til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs o.fl.

Landssamband smábátæigenda (LS) lýsir sig sammála efni frumvarpsins.

LS telur frumvarpið þrengja enn frekar svigrúm til viðskipta með aflaheimildir þar sem sjómenn eru þátttakendur í fjármögnun þeirra. Það er í samræmi við gildandi lög sem ekki hafa haldið gagnvart einstaka aðilum sem bjóða upp á starfsumhverfi sem stillt er inn á svindl.

Fram hefur komið hjá fulltrúum hagsmunasamtaka, sem aðild áttu að lögum um Verðlagsstofu nr. 13/1998 og ákvæði laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða sem bannar flutning aflamarks nema VS hafi staðfest samning um fiskverð, að skoðun á framkvæmd samnings er engin. Með frumvarpinu er skerpt á lögum um Verðlagsstofu þannig að henni verði skylt að bera saman aflaverðmæti og uppgjör, sem útgerðaraðili og launþegi skulu láta henni í té.


Í samkeppnisumhverfi sem ríkir í viðskiptum með veiðiheimildir verða þátttakendur að geta treyst því að það lagaumhverfi sem starfað er eftir haldi. LS telur að frumvarpið uppfylli slíkt og sé samþykkt þess því af hinu góða.

Virðingarfyllt

f.h. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/1409
komudagur 5.3.2007



Alþingi
Sjávarútvegsnefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd
Data Protection Authority

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík Iceland
tel.: 354 510 9600 fax: 354 510 9606
e-mail: postur@personuvernd.is
web page: personuvernd.is

Reykjavík, 04. mars 2007
Tilvísun: 2007030213 RJ/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaversðs og úrskurðarnefnd sjómanna ofl.

Persónuvernd vísar til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaversðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna ofl. (þskj. 962, 644. mál, 133. löggjafarþing).

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. mgr. 5. gr. laga nr. 13/1998 muni verða svohljóðandi:

„Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaversðs tekur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða“.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 13/1998 er ákvæði 4. mgr. 5. gr. efnislega samhljóða 1. gr. frumvarpsins, að því undanskildu að ekki kemur fram að upplýsingar og gögn megi nýta til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaversðs tekur samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Er nýmæli ákvæðisins því fólgið í því að upplýsingar og gögn má nú einnig nota í þeim tilgangi að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaversðs tekur skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006.

Persónuvernd hefur nú skoðað frumvarpið út frá sjónarmiðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og gerir stofnunin ekki athugasemdir við ákvæði þess.

Virðingarfyllt

Ralaf Jansdóttir

Rakel Jensdóttir

Reykjavík, 5. mars 2007

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og útskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, 644. mál.

Frumvarpið kveður á um skýrar heimildir Verðlagsstofu skiptaverðs til að hafa eftirlit með að útgerðir geri upp við áhafnir í samræmi við gerða samninga um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum og veita stofunni virkari úrræði til að bregðast við séu þeir samningar ekki haldnir.


Samtök fiskvinnslustöðva gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fiskvinnslustöðva



Guðbergur Rúnarsson



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 133/1497
komudagur 5.3.2007

Reykjavík 5. mars 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1988, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að skerpa á núgildandi lögum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum útgerðarinnar, en bannað er í lögum og kjarasamningum að sjómenn taki þátt í kostnaði útgerðarinnar við öflun veiðiheimilda. Á undanförunum mánuðum hefur farið vaxandi að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum útgerðarinnar. Síðastliðið haust skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd hagsmunaaðila til að gera tillögur um með hvaða hætti væri betur hægt að taka á þessu vandamáli. Frumvarpið byggir á þeim efnisatriðum sem allir nefndarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að gera strax til að taka á vandamálinu. Sjómannasamband Íslands styður því frumvarpið í heild sinni og telur það til mikilla bóta í baráttunni verði það að lögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1495
komudagur 5.3.2007

Fundur sjávarútvegsnefndar Alþingis með forstöðumanni Verðlagsstofu
skiptaverðs. 5. mars 2007

Gögn frá Verðlagsstofu

- a) Umsögn send 1. mars 2007
- b) Kynning á Verðlagsstofu. Árskýrsla 2005 og 2006
- c) Fiskverðssamningar kynning.
 - c1) staðfestingar í gildi
 - c2) sýnishorn af samningum

ÁRSSKÝRSLA VERÐLAGSSTOFU FYRIR ÁRIÐ

I Þróun fiskverðs

Verulegar sveiflur voru á gengi íslensku krónunnar á árinu. Við upphaf árs var gengisvísitalan 104 stig, fór síðan vel yfir 130 stig og stendur nú í 129 stigum. Auk þessa urðu talsverðar verðhækkanir á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt. Til þess að bregðast við þessum afurðaverðshækkunum, sem höfðu bein áhrif á íslenska fiskmarkaði, þurfti úrskurðarnefndin að koma saman nokkrum sinnum á árinu til þess að hækka fiskverð. Þrátt fyrir umtalsverðar fiskverðshækkanir árinu eru markmiðstegundirnar þrjár ennþá undir þeim markmiðum sem stefnt skal að.

II Starfsemi Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar

Til úrskurðarnefndar bárust þrjú mál á árinu er vörðuðu þrjú skip. Samkomulag varð um eitt mál í nefndinni, en málum tveggja skipa lauk með samkomulagi milli útgerða og áhafna. Verðlagsstofa málsetti 45 athuganir sem tóku til 43 skipa. Þetta er svipað og á síðasta ári.

Starfsmenn Verðlagsstofu voru þrír í upphafi árs en tveir seinni hluta ársins. Heildarkostnaður við rekstur stofunnar var um 19,7 milj. kr. sem er 6 milj. kr. undir áætlun, en tvö verkefni sem reiknað var með að vinna á árinu brugðust. Enginn aukakostnaður var á árinu og starfsemi úrskurðarnefndar var með allra minnsta móti. Starfsemi stofunnar hefur aldrei verið minni.

III Upplýsingavinnsla

Upplýsingavinnsla er með svipuðu sniði og undanfarin ár, en Fiskistofa sér um söfnun fiskverðs-upplýsinga og Hagstofa um vísitölur afurðaverðs. Þessar upplýsingar birtast á vefsíðu Verðlagsstofu. Sem fyrr safnaði Verðlagsstofa upplýsingum á vetrarvertíð um afurðaverð á mjöli og lýsi og einnig verði á loðnu til löndunar. Þessar upplýsingar og útreikningar, þar sem m.a. var tekið tillit til fituinnihalds, voru send vikulega til samtaka sjómanna og útvegsmanna.

III Rannsóknastörf

Stofan hafði vænst þess að framhald yrði á samkeppnisverkefninu, *The Fisheries Copetitiveness Index*, en þar sem áhugi nágrannaþjóða var ekki til staðar varð ekkert af frekari framkvæmd. Verðlagsstofa kom einnig að verkefni á vegum ráðuneytisins varðandi svonefnda *gagnaveitu*, en er líða tók á vorið kom í ljós að samhljómur var ekki varðandi framkvæmd mála og sagði stofan sig því frá verkefninu. *Verkefnaleysi hrjáir starfsemina.*

Valtýr Þór Hreiðarsson
forstöðumaður Verðlagsstofu

ÁRSSKÝRSLA VERÐLAGSSTOFU FYRIR ÁRIÐ 2005

I Próun fiskverðs

Í síðustu ársskýrslu taldi Verðlagsstofa að vænta mætti óbreytts þorskerðs á þessu ári og ekki lægra verðs á ýsu og karfa. Ýsuverð var óbreytt á árinu, en karfaverð var fyrst hækkað um 8%, síðan lækkað um 8% og að lokum hækkað um 7% við árslok. Þorskerð var lækkað um 5% í febrúar. Samkomulag var um allar þessar breytingar á viðmiðunarverði í úrskurðarnefnd. Þrátt fyrir áframhaldandi lækkun gengisvísitölu á árinu varð mun minni breyting á afurðaverðsvísitölu flestra fiskafurða vegna hærri verðs í erlendri mynt.

Í mánaðarlegum spám sínum fyrir árið 2005 hefur stofan notað lækkandi gengisvísitölu, eða frá 119 stigum niður í 105 stig. Haldist núverandi styrkleiki gengisins áfram (106 stig) mun það að öðru óbreyttu leiða til einhverrar lækkunar á þorskerði á næsta ári. Stofan spáir ekki lægra viðmiðunarverði á ýsu og karfa á næsta ári. Almennar mánaðarlegar spár stofunnar byggja ekki á væntingum um breytingar á afurðaverði eða gengi fram í tímann.

II Starfsemi Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar

Til úrskurðarnefndar bárust þrjú mál á árinu er vörðuðu fjögur skip. Samkomulag varð um eitt mál í nefndinni, en málum tveggja skipa lauk með samkomulagi milli útgerða og áhafna. Úrskurðað var í einu máli. Verðlagsstofa málsetti 33 athuganir sem tóku til 33 skipa. Þetta er veruleg fækkun frá fyrra ári, en þá voru málsettar 83 athuganir. Sjá nánar næstu blaðsíðu.

Starfsmenn Verðlagsstofu voru þrír á árinu eins og árið á undan. Heildarkostnaður við rekstur stofunnar var um 24,2 milj. kr. sem er samkvæmt áætlun. Enginn aukakostnaður var á árinu og starfsemi úrskurðarnefndar var með allra minnsta móti. Beinn kostnaður vegna samkeppnisverkefnisins var 2,7 milj. kr. og er hann innifalinn í heildarkostnaði. Reikna má með að um helmingur starfstíma stofunnar hafi farið í verkefnið.

III Upplýsingavinnsla

Upplýsingavinnsla er með svipuðu sniði og undanfarin ár, en Fiskistofa sér um söfnun fiskverðs-upplýsinga og Hagstofa um vísitölur afurðaverðs. Þessar upplýsingar birtast á vefsíðu Verðlagsstofu.

Sem fyrr safnaði Verðlagsstofa upplýsingum á vetrarvertíð um afurðaverð á mjöli og lýsi og einnig verði á loðnu til löndunar. Þessar upplýsingar og útreikningar, þar sem m.a. var tekið tillit til fituinnihalds, voru send vikulega til samtaka sjómanna og útvegsmanna.

Verðlagsstofa hefur í rúmt ár beðið eftir upplýsingum frá Hagstofunni um afurðaverðsvísitölu fyrir útfluttar ferskar fiskafurðir, en þær afurðir vega nú þungt í heildina. Væntanlega birtast þær á næstu mánuðum.

III Rannsóknastörf

Verðlagsstofa hafði margsinnis bent á að hún hefði getu og tækifæri til þess að takast á við ný verkefni þar sem verðlagsmál og eftirlit voru í mjög föstum skorðum. Um haustið 2004 varð því samkomulag við Sjávarútvegsráðuneytið um að stofan tæki að sér stjórnun á verkefni um samkeppnishæfni sjávararútvegs. Þetta var viðamikil verkefni sem m.a. var unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Tromsø. Verkefninu lauk með útgáfu skýrslu nú í desember *The Fisheries Competitiveness Index 2004-2005*, en á þessu fyrsta stigi var borin saman samkeppnishæfni Íslands og Noregs. Á næsta ári er reiknað með framhaldi, en þá verður fleiri þjóðum við norðanvert Atlantshaf boðin þátttaka í verkefninu. Í samvinnu við ráðuneytið og fleiri aðila kemur Verðlagsstofa nú að nýju verkefni í sambandi við gagnaveitu sjávarútvegs, en stofan mun sjá um ritstjórn nýrrar vefsíðu. Vöxtur stofunnar og starfsvettvangur hefur eflist til muna við þessa nýbreytni í starfsemi.

Valtýr Þór Hreiðarsson
forstöðumaður Verðlagsstofu



**VERÐLAGSSTOFA SKIPTAVERÐS
UMSJÓN**

01-03-2007

Staðfestingar í gildi = 218 skip

Staðfestingar
Staðfestingar í gildi
 Skoða staðfestingar
 Ný staðfesting

Fyrirspurnir
 Smíða fyrirspurn

Afurðaverð
 Innsláttur

Notandi
 Auðkenni : inga
 Síðast innskráð
 Dags : 01.03.2007
 Klukkan : 11:20
 Útskrá

28 ófímabundið
(frystir skip)

Skipnr.	Nafn skips	Útgerð / Aðili	Gildir frá	Gildir til
10	Fróði	Þormóður rammi - Sæberg hf	27.09.2006	01.10.2007
11	Siggi Þorsteins	Fiskvinnslan Kambur ehf	27.09.2006	01.10.2007
84	Gandí	Vinnslustöðin hf	27.09.2006	01.10.2007
89	Grímsnes	Grímsnes ehf	26.02.2007	01.10.2007
91	Þórir	Skinney-Þinganes hf	27.09.2006	01.10.2007
100	Skálafell	Auðbjörg ehf	24.01.2007	31.07.2007
120	Kambaröst	C export ehf	23.02.2007	01.10.2007
124	Tjaldanes	Grímsnes ehf	26.02.2007	01.10.2007
173	Sigurður Ólafsson	Sigurður Ólafsson ehf	27.09.2006	01.10.2007
182	Vestri	Vestri ehf	10.10.2006	01.10.2007
219	Þorsteinn	Nesver ehf	19.10.2006	01.10.2007
220	Víkingur	HB Grandí hf	08.02.2007	31.12.2007
226	Beitir	Síldarvinnslan hf	10.01.2007	10.01.2008
236	Haukur	Ásafell ehf	27.02.2007	30.04.2007
237	Hrungnir	Vísir hf	27.09.2006	01.10.2007
243	Guðrún	Pétursey ehf	27.09.2006	01.10.2007
250	Skinney	Skinney-Þinganes hf	27.09.2006	01.10.2007
256	Kristrún	Fiskkaup hf	27.09.2006	01.10.2007
259	Margrét	Dúddi ehf	13.10.2006	01.10.2007
264	Gullhólmi	Agustson ehf	26.02.2007	01.10.2007
500	Gunnar Hámundarson	Gunnar Hámundarson ehf	27.09.2006	01.10.2007
530	Hafrún	Vík ehf. útgerð	27.09.2006	01.10.2007
610	Jón Júlí	Þórsberg ehf	01.02.2007	31.08.2007
616	Stefán Rögnvaldsson	Stefán Rögnvaldsson ehf	09.02.2007	01.10.2007
741	Grímsey	ST 2 ehf	15.02.2007	15.02.2008
972	Kristín	Vísir hf	27.09.2006	01.10.2007
975	Sighvatur	Vísir hf	27.09.2006	01.10.2007
1006	Tómas Þorvaldsson	Þorbjörn hf	11.10.2006	01.10.2007
1013	Halli Eggerts	Fiskvinnslan Kambur ehf	27.09.2006	01.10.2007
1014	Ársæll	Humarvinnslan hf	28.11.2006	01.10.2007
1019	Sigurborg	Soffanías Cecilsson hf	10.01.2007	01.10.2007
1028	Saxhamar	Útnes ehf	02.10.2006	31.12.2007
1030	Páll Jónsson	Vísir hf	27.09.2006	01.10.2007
1031	Álsey	Ísfélag Vestmannaeyja hf	27.09.2006	01.10.2007
1035	Heimaey	Ísfélag Vestmannaeyja hf	27.09.2006	01.10.2007
1039	Oddgeir	Gjögur ehf	27.09.2006	01.10.2007
1042	Vörður	Gjögur ehf	27.09.2006	01.10.2007
1052	Einar Háfdáns	Bakkavík hf	02.10.2006	01.10.2007
1054	Sveinbjörn Jakobsson	Útgerðarfélagið Dvergur hf	31.10.2006	01.10.2007
1056	Arnar	Auðbjörg ehf	19.02.2007	31.05.2007

<u>1060</u>	<u>Súlan</u>	<u>Súlan ehf</u>	<u>01.11.2006</u>	<u>30.04.2007</u>
<u>1063</u>	<u>Kópur</u>	<u>Pórsberg ehf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1068</u>	<u>Sæljós</u>	<u>Nesbrú ehf</u>	<u>12.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1076</u>	<u>Jóhanna Gísladóttir</u>	<u>Vísir hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1102</u>	<u>Reginn</u>	<u>Manus ehf</u>	<u>22.09.2006</u>	<u>31.12.2007</u>
<u>1135</u>	<u>Arnarberg</u>	<u>Auðbjörg ehf</u>	<u>14.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1136</u>	<u>Rífsnes</u>	<u>Hraðfrystihús Hellissands hf</u>	<u>17.01.2007</u>	<u>31.08.2007</u>
<u>1143</u>	<u>Sæberg</u>	<u>Ocean Direct ehf.</u>	<u>19.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1159</u>	<u>Kristbjörg</u>	<u>Ebba ehf</u>	<u>13.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1202</u>	<u>Grundfirðingur</u>	<u>Soffanías Cecilsson hf</u>	<u>13.02.2007</u>	<u>31.05.2007</u>
<u>1246</u>	<u>Egill</u>	<u>Litlalón ehf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1252</u>	<u>Hafberg Grindavík</u>	<u>Hælsvík ehf</u>	<u>07.02.2007</u>	<u>31.12.2007</u>
<u>1262</u>	<u>Sigurpáll</u>	<u>Guðmundur Karlsson</u>	<u>12.02.2007</u>	<u>30.04.2007</u>
<u>1269</u>	<u>Aðalbjörg II</u>	<u>Aðalbjörg sf</u>	<u>29.01.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1270</u>	<u>Mánaberg</u>	<u>Þormóður rammi - Sæberg hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1272</u>	<u>Sturla</u>	<u>Þorbjörn hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1273</u>	<u>Vestmannaey</u>	<u>Bergur-Huginn ehf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1274</u>	<u>Páll Pálsson</u>	<u>Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1275</u>	<u>Jón Vídalín</u>	<u>Vinnslustöðin hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1277</u>	<u>Ljósafell</u>	<u>Loðnuvinnslan hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1278</u>	<u>Bjartur</u>	<u>Síldarvinnslan hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1279</u>	<u>Brettingur</u>	<u>HB Grandi hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1281</u>	<u>Múlaberg</u>	<u>Þormóður rammi - Sæberg hf</u>	<u>21.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1291</u>	<u>Arnar</u>	<u>Útgerð Arnars ehf</u>	<u>14.02.2007</u>	<u>31.12.2007</u>
<u>1293</u>	<u>Börkur</u>	<u>Síldarvinnslan hf</u>	<u>10.01.2007</u>	<u>10.01.2008</u>
<u>1304</u>	<u>Ólafur Bjarnason</u>	<u>Valafell ehf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1308</u>	<u>Venus</u>	<u>Hvalur hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1318</u>	<u>Benjamín Guðmundsson</u>	<u>Grímsi ehf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1328</u>	<u>Snorri Sturluson</u>	<u>HB Grandi hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1337</u>	<u>Skafti</u>	<u>Sebastes ehf</u>	<u>29.11.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1343</u>	<u>Magnús</u>	<u>Skarðsvík hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1345</u>	<u>Freri</u>	<u>Ögurvík hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1360</u>	<u>Kleifaberg</u>	<u>Þormóður rammi - Sæberg hf</u>	<u>22.02.2007</u>	<u>31.03.2007</u>
<u>1371</u>	<u>Hjalteyrin</u>	<u>Hjalteyrin útgerðarfélag</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1373</u>	<u>Skátinn</u>	<u>Skátinn ehf</u>	<u>22.02.2007</u>	<u>31.05.2007</u>
<u>1376</u>	<u>Víðir</u>	<u>Samherji hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1379</u>	<u>Erlingur</u>	<u>Skinney-Þinganes hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1399</u>	<u>Haukaberg</u>	<u>Hjálmar ehf</u>	<u>19.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1401</u>	<u>Ágúst</u>	<u>Þorbjörn hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1412</u>	<u>Harðbakur</u>	<u>Brim hf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1424</u>	<u>Pórsnes II</u>	<u>G.P.G. fiskverkun ehf</u>	<u>22.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1426</u>	<u>Guðmundur Jensson</u>	<u>Útgerðarfélagið Guðmundur ehf</u>	<u>27.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1434</u>	<u>Þorleifur</u>	<u>Sigurbjörn ehf</u>	<u>20.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1436</u>	<u>Snæbjörg</u>	<u>Ebba ehf</u>	<u>22.01.2007</u>	<u>31.01.2008</u>
<u>1451</u>	<u>Stefnir</u>	<u>Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1452</u>	<u>Guðrún Jónsdóttir</u>	<u>Haukur Jónsson ehf</u>	<u>14.02.2007</u>	<u>31.05.2007</u>
<u>1458</u>	<u>Egill Halldórsson</u>	<u>Flói ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>

1459	Brekí	Magnel ehf	14.02.2007	31.12.2007
1472	Klakkur	FISK-Seafood hf	13.12.2006	01.10.2007
1475	Sæborg	Hraunútgerðin ehf	10.11.2006	01.10.2007
1476	Björgúlfur	Samherji hf	28.09.2006	01.10.2007
1481	Sóley Sigurjóns	Nesfiskur ehf	28.09.2006	01.10.2007
1489	Anný	Anný SU-71 ehf	28.09.2006	01.10.2007
1502	Páll Helgi	Páll Helgi ehf	28.09.2006	01.10.2007
1509	Ásbjörn	HB Grandi hf	28.09.2006	01.10.2007
1511	Sólveig	Bjargbór ehf	14.02.2007	31.12.2007
1530	Sigurbjörg	Þormóður rammi - Sæberg hf	20.12.2001	Ótímabundið
1546	Frú Magnhildur	Blámann ehf	18.01.2007	01.10.2007
1562	Jón Á Hofi	Þormóður rammi - Sæberg hf	28.09.2006	01.10.2007
1575	Njáll	Sjóli ehf	13.06.2005	13.06.2007
1578	Ottó N. Þorláksson	HB Grandi hf	28.09.2006	01.10.2007
1579	Gnúpur	Þorbjörn hf	20.12.2001	Ótímabundið
1585	Sturlaugur H Böðvarsson	HB Grandi hf	28.09.2006	01.10.2007
1587	Hafborg	Hákon Örn Matthíasson	28.09.2006	01.10.2007
1591	Núpur	Oddi hf	28.09.2006	01.10.2007
1595	Frár	Frár ehf	11.01.2007	01.10.2007
1610	Ísleifur	Vinnslustöðin hf	16.02.2007	01.04.2007
1611	Eiður	Manni ehf	01.03.2007	02.03.2007
1611	Eiður	Manni ehf	01.04.2007	01.10.2007
1611	Eiður	Manni ehf	05.03.2007	31.03.2007
1622	Þorvarður Lárusson	Sæból ehf	28.09.2006	01.10.2007
1628	Hrafn	Þorbjörn hf	20.12.2001	Ótímabundið
1629	Farsæll	Farsæll ehf.	28.09.2006	01.10.2007
1631	Mundi Sæm	Miðós ehf	22.02.2007	01.03.2007
1636	Farsæll	Farsæll ehf	28.09.2006	01.10.2007
1639	Dalaröst	Flóki ehf	28.09.2006	01.10.2007
1645	Þuríður Halldórsdóttir	Þorbjörn hf	28.09.2006	01.10.2007
1661	Gullver	Gullberg ehf	28.09.2006	01.10.2007
1664	Dala Rafn	Dala-Rafn ehf	28.09.2006	01.10.2007
1674	Sóley	Soffanías Cecilsson hf	28.09.2006	01.10.2007
1686	Gunnbjörn	Birnir ehf	28.09.2006	01.10.2007
1742	Faxi	HB Grandi hf	28.09.2006	01.10.2007
1743	Sigurfari	Nesfiskur ehf	28.09.2006	01.10.2007
1751	Hásteinn	Hásteinn ehf	28.09.2006	01.10.2007
1752	Brynjólfur	Vinnslustöðin hf	28.09.2006	01.10.2007
1755	Aðalbjörg	Aðalbjörg RE-5 ehf	28.09.2006	01.10.2007
1787	Maggi Jóns	Vatnsnes ehf	09.11.2006	01.10.2007
1809	Jóna Eðvalds	Skinney-Þinganes hf	28.09.2006	01.10.2007
1833	Málmey	FISK-Seafood hf	20.12.2001	Ótímabundið
1849	Sproti	Sægarpur ehf	19.02.2007	01.10.2007
1850	Jakob Einar	Gildran ehf	21.02.2007	07.03.2007
1850	Jakob Einar	Gildran ehf	08.03.2007	31.05.2007
1851	Nunni	Hlaðseyri ehf	30.10.2006	01.10.2007
1856	Rífsari	Sandbrún ehf	28.09.2006	01.10.2007
1868	Helga María	Haraldur Böðvarsson hf	20.12.2001	Ótímabundið
1902	Höfrungur III	Haraldur Böðvarsson hf	20.12.2001	Ótímabundið

<u>1903</u>	<u>Þorsteinn</u>	<u>Hraðfrystistöð Þórshafnar hf</u>	<u>28.02.2007</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1903</u>	<u>Þorsteinn</u>	<u>Hraðfrystistöð Þórshafnar hf</u>	<u>01.03.2007</u>	<u>30.04.2007</u>
<u>1905</u>	<u>Berglín</u>	<u>Nesfiskur ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1927</u>	<u>Valdi</u>	<u>Sægarpur ehf</u>	<u>02.02.2007</u>	<u>01.02.2008</u>
<u>1937</u>	<u>Björgvin</u>	<u>Samherji hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1957</u>	<u>Hafnartindur</u>	<u>Sigurgeir Ingólfur Sigurðsson</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1972</u>	<u>Hrafn Sveinbjarnarson</u>	<u>Þorbjörn hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1976</u>	<u>Barði</u>	<u>Síldarvinnslan hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1977</u>	<u>Júlíus Geirmundsson</u>	<u>Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>1979</u>	<u>Þorsteinn</u>	<u>Fiskvön ehf</u>	<u>26.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>1990</u>	<u>Þróstur</u>	<u>Smári Einarsson ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2014</u>	<u>Nökkvi</u>	<u>Sæfjður ehf</u>	<u>23.02.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2017</u>	<u>Helgi</u>	<u>Guðmundur Runólfsson hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2020</u>	<u>Þórunn Sveinsdóttir</u>	<u>Ós ehf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2025</u>	<u>Bylgja</u>	<u>Matthías Óskarsson</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2040</u>	<u>Þinganes</u>	<u>Skinney-Þinganes hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2047</u>	<u>Sæbjörg</u>	<u>Kóni ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2048</u>	<u>Drangavík</u>	<u>Vinnslustöðin hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2061</u>	<u>Sunna</u>	<u>Gulltog ehf</u>	<u>06.12.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2067</u>	<u>Frosti</u>	<u>Frosti ehf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2070</u>	<u>Hraunsvík</u>	<u>Víkurhraun ehf</u>	<u>03.04.2006</u>	<u>03.04.2007</u>
<u>2101</u>	<u>Portland</u>	<u>Kæja ehf</u>	<u>01.11.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2102</u>	<u>Arney</u>	<u>Skarfaklettur ehf</u>	<u>09.10.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2150</u>	<u>Harpa</u>	<u>BBH útgerð ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2154</u>	<u>Árbakur</u>	<u>Brim hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2158</u>	<u>Tjaldur</u>	<u>Brim hf</u>	<u>01.03.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2170</u>	<u>Örfirisey</u>	<u>HB Grandi hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2182</u>	<u>Baldvin Njálsson</u>	<u>Nesfiskur ehf</u>	<u>06.02.2007</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2184</u>	<u>Vigri</u>	<u>Ögurvík hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2197</u>	<u>Örvar</u>	<u>FISK-Seafood hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2203</u>	<u>Þerney</u>	<u>HB Grandi hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2212</u>	<u>Baldvin Þorsteinsson</u>	<u>Samherji hf</u>	<u>09.11.2005</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2262</u>	<u>Sólbakur</u>	<u>Brim hf</u>	<u>09.02.2007</u>	<u>02.10.2007</u>
<u>2265</u>	<u>Arnar</u>	<u>Skagstrendingur hf</u>	<u>20.12.2001</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2274</u>	<u>Sandvík</u>	<u>Tindur ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2277</u>	<u>Antares</u>	<u>Ísfélag Vestmannaeyja hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2281</u>	<u>Sighvatur Bjarnason</u>	<u>Vinnslustöðin hf</u>	<u>02.10.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2287</u>	<u>Bjarni Ólafsson</u>	<u>Runólfur Hallfreðsson ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2313</u>	<u>Örn</u>	<u>Sólbakki ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2323</u>	<u>Hafborg</u>	<u>Hafborg ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2325</u>	<u>Geir</u>	<u>Útgerðarfélagið Ósk ehf</u>	<u>08.02.2007</u>	<u>31.12.2007</u>
<u>2329</u>	<u>Guðmundur Ólafur</u>	<u>Garðar Guðmundsson hf</u>	<u>10.01.2007</u>	<u>10.01.2008</u>
<u>2330</u>	<u>Esjar</u>	<u>Esjar ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2332</u>	<u>Hólmátindur</u>	<u>Eskja hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2336</u>	<u>Sunnuberg</u>	<u>HB Grandi hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2340</u>	<u>Bára</u>	<u>Hjallasandur ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>

<u>2354</u>	<u>Valdimar</u>	<u>Þorbjörn hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2363</u>	<u>Kap</u>	<u>Vinnslustöðin hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2388</u>	<u>Ingunn</u>	<u>HB Grandi hf</u>	<u>16.02.2007</u>	<u>31.05.2007</u>
<u>2395</u>	<u>Brík</u>	<u>Þiljur ehf útgerðarfélag</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2403</u>	<u>Hvanney</u>	<u>Skinney-Þinganes hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2407</u>	<u>Hákon</u>	<u>Gjögur ehf</u>	<u>17.05.2005</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2410</u>	<u>Vilheim Þorsteinsson</u>	<u>Samherji hf</u>	<u>09.11.2005</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2411</u>	<u>Huginn</u>	<u>Huginn ehf</u>	<u>10.03.2006</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2430</u>	<u>Benni Sæm</u>	<u>Nesfiskur ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2433</u>	<u>Smáey</u>	<u>Bergur-Huginn ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2446</u>	<u>Þorlákur</u>	<u>Jakob Valgeir ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2449</u>	<u>Steinunn</u>	<u>Skinney-Þinganes hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2454</u>	<u>Siggi Bjarna</u>	<u>Nesfiskur ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2457</u>	<u>Katrín</u>	<u>Rafn ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2462</u>	<u>Gunnar Bjarnason</u>	<u>Útgerðarfélagið Haukur hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2463</u>	<u>Matthías</u>	<u>Nónvarða ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2464</u>	<u>Sólborg</u>	<u>Brim hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2468</u>	<u>Ögmundur</u>	<u>Miðtún ehf</u>	<u>01.03.2007</u>	<u>01.03.2007</u>
<u>2481</u>	<u>Bárður</u>	<u>Bárður SH 81 ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2482</u>	<u>Lukka</u>	<u>Þórugil ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2549</u>	<u>Þór</u>	<u>Stálskip ehf</u>	<u>15.01.2004</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2600</u>	<u>Guðmundur</u>	<u>Ísfélag Vestmannaeyja hf</u>	<u>21.10.2005</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2626</u>	<u>Guðmundur í Nesi</u>	<u>ÚA hf</u>	<u>29.11.2005</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2643</u>	<u>Júpíter</u>	<u>Hraðfrystistöð Þórshafnar hf</u>	<u>01.03.2007</u>	<u>30.04.2007</u>
<u>2660</u>	<u>Happasæll</u>	<u>Happi hf</u>	<u>05.01.2007</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2677</u>	<u>Bergur</u>	<u>Bergur ehf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2685</u>	<u>Hringur</u>	<u>Guðmundur Runólfsson hf</u>	<u>28.09.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2689</u>	<u>Birta</u>	<u>Gef ehf</u>	<u>16.02.2007</u>	<u>16.03.2007</u>
<u>2699</u>	<u>Aðalsteinn Jónsson</u>	<u>Eskja hf</u>	<u>01.02.2006</u>	<u>Ótímabundið</u>
<u>2700</u>	<u>Sædís</u>	<u>Freydís sf</u>	<u>12.09.2006</u>	<u>31.12.2007</u>
<u>2704</u>	<u>Konni Júl</u>	<u>Hviða ehf</u>	<u>05.10.2006</u>	<u>01.10.2007</u>
<u>2705</u>	<u>Sæþór</u>	<u>G.Ben útgerðarfélag ehf</u>	<u>07.02.2007</u>	<u>31.12.2007</u>
<u>2737</u>	<u>Ebbi</u>	<u>Ebbi-útgerð ehf</u>	<u>15.01.2007</u>	<u>15.01.2008</u>

Vetrarvertið 2007, hráefnisverð

Tekur gildi að hádeg, febrúar 2007

Bræðsluverð	kr./kg.
Grunnverð á loðnu landað beint í bræðslu	11.000 kr.
Grunnverð loðna sem farið hefur í gegnum vinnslu	10.900 kr.

Hrat verð frá kreistingu v/hrognatöku

Frádráttur/Uppbót á grunnverð vegna gæðaviðmiða ef landað beint í bræðslu

Breyting vegna ferskleika TVN	
TVN <40	100
TVN 40-60	0
TVN 60-80	-100
TVN 80+	-300

Breyting vegna Saltinnihalds í hráefni	
Salt <0,55 (2,5-3 í mjöli)	100
Salt 0,55-0,62 (3-3,5 í mjöli)	0
Salt 0,62-0,7 (3,5-4 í mjöli)	-100
Salt 0,7-0,9 (4,5-5 í mjöli)	-300
Salt 0,9-1,1 (5-6 í mjöli)	-600
Salt 1,1-1,3 (>6 í mjöli)	-1000
Salt >1,3 (>6 í mjöli)	-1500

ath salt í mjöli er reiknað út frá 17,8% mjólnýtingu

Frystiverð

Rússaloðna 35-45 stk./kg	16 kr.
Rússaloðna 40-50 stk./kg	16 kr.
Japansmix hrognafylling yfir 12%	16 kr.

Japansverð

Flokkur/blutfall	100%	90-100%	80-90%	70-80%
56-60	25,00	23,20	20,00	16,50
61-65	18,50	17,50	14,50	12,30

ATH

Besti breyting er einkum tilkominn vegna minna fituinnihalds og styrkingar íslensku krónunnar.

Handwritten signature: Gunnar Guðni

Nafn skipa og skipaskr.nr. 08 SKNK

Útgerð og kennitala

Netfang / fax útgerðar

Veifaræri DRAGNÓTAVEIÐAR

SKIPIS

Flokkar	Tegund	Stærð	Stærð Kg.	Verð kr/kg	Hlutfeld %		Önnur atkvæði
					grunn- verðs	markaðs- verðs	
1	Þorskur	x	8,0 +	210,00 kr.			
2	Þorskur	x	6,0 - 8,0	195,00 kr.			
3	Þorskur	x	4,0 - 6,0	175,00 kr.			
4	Þorskur	x	2,0 - 4,0	150,00 kr.			
5	Þorskur	x	1,0 - 2,0	120,00 kr.			
6	Þorskur	Undirmál		A markað			
1	Ysa	x	2 +	A markað			
2	Ysa	x	1,8 - 2,0	A markað			
3	Ysa	x	1,4 - 1,6	A markað			
4	Ysa	x	1,2 - 1,4	A markað			
5	Ysa	x	1,07 - 1,2	A markað			
6	Ysa	x	0,83 - 1,07	A markað			
7	Ysa	Undirmál	0,0 - 0,83	A markað			
1	Langa	x	Stór	85,00 kr.			
2	Langa	x	Smá	80,00 kr.			
1	Keila	x	Stór	80,00 kr.			
2	Keila	x	Smá	40,00 kr.			
1	Ufsi	x	Stór	70,00 kr.			
2	Ufsi	x	Smár	55,00 kr.			
1	Langlúra	7303	L 400+gr.	170,00 kr.			
2	Langlúra	7302	M 300-400 gr.	150,00 kr.			
3	Langlúra	7301	S 100-300 gr.	130,00 kr.			

Viðauki

Þau verð á langlúru sem koma fram hér að ofan miðast við frýstar afurðir. Ef um er að ræða ísaða langlúru gilda þau verð sem fást í viðskiptum við fiskverkendur hverju sinni eða þau markaðsverð sem eru í gangi hverju sinni.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá : 1.2.2007 til : 31.8.2007 Uppægnafrestur : 1 mánuður
Sé samningnum ekki sagt upp innan tilskilns frests framlengist hann um mánuð í senn.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu áhafnar

Samningur þessi var samþykktur í leyntegri atkvæðagreiðslu áhafnar með ___ atkvæðum,
á móti voru ___ og auðu skiluðu

Staður/Útgerðar

Útgerðar
F.h. útgerðar
Netfang og kennitala

Áhafnar
F.h. áhafnar
Nafn og kennitala